

6.12.2012

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Mér hefur skilist á fréttum að Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis taki við athugasemdum við stjórnarskráfrumvarpið frá óbreyttum borgurum. Lítið hefur hins vegar farið fyrir upplýsingum hvert senda skuli athugasemdirnar, en ég leyfi mér að vona að þar sem ég sendi bréf þetta á þrjú netföng hljóti það að komast til skila.

**Athugasemdir við tillögur stjórnlagaráðs eins og þær birtust á internetinu:**

14. gr. Önnur lína í næstsíðustu málsgrein: Ég legg til að í stað orðsins "netinu" komi "rafrænu alneti" eða "internetinu"

Netið eitt er svolítið snautt og aldrei að vita nema einhverjum útúrsnúningafræðingi takist að misnota það.

14. gr. Aftar í sömu línu: Ég hygg að í stað "úrlausn dómara" ætti að standa "úrskurði dómara".

34. gr. Síðustu málsgreinar hljóði svo: "Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld fara með umráð auðlinda í umboði þjóðarinnar og bera ásamt þeim sem nýta auðlindirnar "..... og síðan áfram óbreytt.

Vegna endurtekinnna fullyrðinga um að þjóðin geti ekki átt neitt, hygg ég rétt að taka skýrt fram hver sjái um eignir hennar.

36. gr. Ritvilla! Síðasta orðið verði "útrýmingarhættu" ekki "útrýmingahættu"

52. gr. Þessi grein þykir mér óskýr, hún útskýrir ekki hvað á að gera ef 2/3 hlutar atkvæða nást ekki. Gera þarf nánari grein fyrir framkvæmd kosningarinnar.

65. gr. Þessari grein þyrfti að gjörbreyta. Tíu af hundraði er að minni hyggju of lágt hlutfall og býður upp á að lýðskrumarar reyni kerfisbundið að koma í veg fyrir framgang fjölmargra mála. Tuttugu af hundraði er lágmark og setja þarf inn ákvæði um framkvæmd undirskrifta þar sem þjóðararatkvæðis er krafist.

Ég bendi á að á fundi í stjórnarskrárfélaginu ræddi Ólafur Harðarson um ráð til þess að tryggja að því aðeins verði efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu að tryggt sé að ákveðið hlutfall kjósenda hafi raunverulegan hug á því. Ég tel að Valgerður Bjarnadóttir hafi verið á þessum fundi og Ólafur Harðarson er líka vafalaust reiðubúinn til samtals við háttvirta þingnefnd. Á fundinum var á það minnst að mjög auðvelt væri að fá fjölda fólks til að skrifa umhugsunarlítið undir áskoranir af þessu tagi, hvort sem væri á torgum og gatnamótum eða á netinu margumrædda. Ef ég man rétt benti Ólafur á að ef kjósendur þyrftu að hafa fyrir því að koma á ákveðna staði til þess að skrifa undir væru meiri líkur til þess að einungis hinir áhugasömu gæfu sér tíma til þess. Því ætti framkvæmd undirskriftasöfnunar að vera í höndum opinberra aðila, t.d. fógeta. Að minni hyggju ætti ekki að þurfa mikinn fjölda kjósenda til þess að krefjast þess að undirskriftum sé safnað og þar sem málin sem um væri að ræða hlytu að vera umdeild á Alþingi væri jafnvel rétt að 65. grein hljóðaði einhvern veginn svona:

„Einn þriðji hluti alþingismanna getur krafist þess að kjósendum verði gefinn kostur á að undirrita kröfu um þjóðaratkvæði um lög sem alþingi hefur samþykkt.

Innanríkisráðuneytið sér um framkvæmd undirskriftasöfnunar.

Skrifi tuttugu af hundraði kjósenda undir slíka kröfu skal atkvæðagreiðslan fara fram. Kröfuna ber að leggja fram innan þriggja mánaða" ... og svo áfram óbreytt. Vera má að hér þurfi einhver nánari ákvæði en ég vænti þess að háttvirt nefnd skilji hvað ég er að fara.

Að lokum legg ég áherslu á að háttvirtir fari að ráðum Salvarar Nordal, læri af þeim hroðalegu mistökum sem gerð hafa verið í afgreiðslu stórmála og reyni nú einu sinni að vanda sig verulega.

Virðingarfyllt  
Ragnar Böðvarsson  
símar 482 3728, 849 6385

„Það vil ég að þeir ráði, sem hyggjari eru; því verr þykir mér sem oss muni duga heimskra manna ráð, er þau koma fleiri saman.“  
(Ólafur pá Höskuldsson)